

## Fundargerð 505

Föstudaginn 21. janúar 2022 kom stjórn Byggðastofnunar saman á fjarfundi. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Magnús B. Jónsson (MBJ) formaður, Gunnar Þorgeirsson (GP), Haraldur Einarsson (HE) varamaður, Karl Björnsson (KB), Kári Gautason (KG) og María Hjálmsdóttir (MaH). Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson (AP) forstjóri, Arnar Már Elíasson (AME) forstöðumaður fyrirtækjaviðs, Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Hrund Pétursdóttir (HP) umsjónarmaður áhættustýringar (við dagskrárlið 4), Sigurður Árnason (SÁ) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárliði 5 og 6), Sigríður Elín Þórðardóttir (SEP) forstöðumaður þróunarsviðs, og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Heiðbrá Ólafsdóttir boðaði forföll.

Formaður setti fund kl. 10:00 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu
2. Styrkir til meistaranema - til afgreiðslu
3. Hækkun lánveitinga innan Cosme - til afgreiðslu
4. Áhættuskýrsla 4. ársfjórðungs 2021 - til kynningar
5. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
  - a. ...
6. Samanburður á starfsumhverfi og stjórnsýsluumgjörð fiskeldisá Íslandi, Noregi Færeyjum og Skotlandi - til kynningar
7. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun - til kynningar
8. Tímabundin vistaskipti forstjóra Byggðastofnunar - til kynningar
9. Önnur mál
10. Næsti fundur

### 1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur fundargerð síðasta fundar nr. 504.

Formaður bar upp fundargerðina og var hún samþykkt samhljóða og verður hún send stjórnarmönnum til rafrænnar undirritunar.

### 2. Styrkir til meistaranema - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstjóra um úthlutun rannsóknarstyrkja til meistaranema og fundargerð stjórnar Byggðarannsóknarsjóðs frá 14. desember 2021.

SEP kynnti þau fjögur verkefni sem stjórn Byggðarannsóknarsjóðs leggur til við stjórn Byggðastofnunar að verði samþykkt.

Verkefnin eru eftirfarandi:

*How does place attachment relate to perceptions of climate change-related hazards? A case study in Patreksfjörður.* Umsækjandi Frances Eleanor Simmons, Háskóla- og Vestfjarða. Styrkuppæð 250.000,-

*Unconditional Basic Income as a Means to Foster Innovation in Iceland.* Umsækjandi Tyler James Wacker, Háskóla- og Vestfjarða. Styrkuppæð 250.000,-

*Tilviksrannsókn á starfi menningarfulltrúa sveitarfélaga á Íslandi.* Umsækjandi Herdís Ýr Hreinsdóttir, Háskóla Íslands. Styrkupp hæð 250.000,-

*Sóknaráætlanir landshluta - markmið og ávinningur.* Umsækjandi Unnur Valborg Hilmarsdóttir, Háskóla Íslands. Styrkupp hæð 250.000,-

Til máls tók GÞ.

Formaður bar tillögurnar upp og voru þær samþykktar samhljóða.

### **3. Hækkun lánveitinga innan Cosme - til afgreiðslu**

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstjóra og forstöðumanns fyrirtækjasviðs að tillögu um breytingu á Cosme samkomulagi sem AME kynnti.

Á síðasta fundi stjórnar var til umræðu staða COSME samkomulagsins og þá sér í lagi sú staðreynd að mun hraðar hefur gengið á það en upphaflega var áætlað.

Lagt er til að bregðast við stöðunni með tvennum hætti.

#### *1. Tvöfalda heildar mögulegar lánveitingar innan COSME*

Evrópski fjárfestingasjóðurinn (EIF) heimilar hækkun upphæðar heildar mögulegra lánveitinga innan COSME með sömu krónutölu heildar mögulegra útgreiddra ábyrgða. Þetta þýðir að stofnunin gæti veitt allt að 6,5 ma.kr. í útlán innan samningsins (í stað 3,25 ma.kr. eins og samningurinn kveður nú á um) en heildar útgreiddar ábyrgðir EIF standa í stað og verða áfram 327 m.kr. Lagt er til að sótt verði um slíka breytingu á samkomulaginu við EIF.

#### *2. Sækja um aðild að Invest EU*

Jafnframt ofangreindu verði þess farið á leit við ráðherra að óska formlega eftir aðild Íslands að nýju verkefni EIF og í kjölfar þess hafnar samningaviðræður við EIF um aðild að því verkefni sem þá mun leysa COSME samninginn af hólmi.

Til máls tóku AÞ, GÞ og HE.

Formaður bar upp báðar ofangreindar tillögur og voru þær samþykktar samhljóða.

### **4. Áhættuskýrsla 4. ársfjórðungs 2021 - til kynningar**

HP kom á fundinn undir þessum dagskrárlið. Fyrir fundinum liggur Áhættuskýrsla 4. ársfjórðungs 2021 sem HP kynnti. Eru flestir áhættuþættir innan tilsettra viðmiða áhættustefnu.

Til máls tóku MBJ og HE.

HP vék af fundi.

### **5. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar**

Fyrir fundinum liggur samantekt á lánaákvörðunum lánanefndar og fundargerðir lánanefndar nr. 45/21 til 2/22 sem AME kynnti.

Til máls tók MaH.

5a. ...

...

**6. Samanburður á starfsumhverfi og stjórnsýsluumgjörð fiskeldis á Íslandi, Noregi Færeyjum og Skotlandi - til kynningar**

SÁ kom á fundinn undir þessum dagskrárlið og var með kynningu á nýútkominni skýrslu RHA um samanburð á stjórnsýslulegri umgjörð og gjaldtöku af rekstraraðilum í Færeyjum, Íslandi, Noregi og Skotlandi sem liggur fyrir fundinum.

Til máls tóku GP, KB, MaH og KG.

SÁ vék af fundi.

**7. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun - til kynningar**

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir stöðu verkefna á starfsáætlun og staða rekstrar 31. desember sem AÐ kynnti.

Til máls tóku KB og AÐ. Rætt um að stjórn áætlaði meiri tíma í umræðu um byggðamál, kynningu á skýrslum og mælaborðum á stjórnarfundum.

**8. Tímabundin vistaskipti forstjóra Byggðastofnunar - til kynningar**

AÐ upplýsti að samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra hefði óskað eftir því að hann tæki að sér tímabundið starf forstjóra Þjóðskrár í 6 mánuði frá 1. febrúar nk. Forstöðumaður fyrirtækjasviðs sem staðgengill forstjóra verður settur forstjóri Byggðastofnunar í sama tíma.

Til máls tóku KB og MBJ.

Stjórn óskaði forstjóra velfarnaðar í nýju starfi.

**9. Önnur mál**

*Úrsögn úr stjórn - til kynningar*

KG upplýsti að þetta væri síðasti fundur hans í stjórn Byggðastofnunar þar sem hann hefði tekið að sér starf aðstoðarmanns sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Hefur hann tilkynnt samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um úrsögn sína úr stjórn.

Formaður þakkaði KG fyrir samstarfið fyrir hönd stjórnar.

**10. Næsti fundur**

Næsti fundur áætlaður föstudaginn 25. febrúar nk.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:19

Magnús Helgason fundarritari

Magnús B. Jónsson

Gunnar Þorgeirsson

Haraldur Einarsson

Karl Björnsson

Kári Gautason

María Hjálmarsdóttir